

Deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Vestursvæði



BREYTING – NÝ FLÆÐIGRYFJA GREINARGERÐ OG UMHVERFISMATSSKÝRSLA

5. september 2023

Önnur skipulagsgögn:

Deiliskipulagsuppráttur nr. 001, dags. 5. september 2023

HVALFJARÐAR
SVEIT



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



TEIKNA

TEIKNISTOFA ARKITEKTA

Efnisyfirlit

1. Meginatriði	2
1.1 <i>Almennt um flæðigryfjur</i>	2
2. Breyting á deiliskipulagi 2023	4
2.1 <i>Breyting á deiliskipulagsupprætti</i>	4
2.2 <i>Breyting á greinargerð</i>	4
2.2.1 Gildandi skilmálar	4
2.2.2 Breyttir skilmálar	4
2.2.3 Efnismagn í flæðigryfju.....	4
2.2.4 Efnismagn í grjótgarði	5
3. Umhverfismatsskýrsla	6
3.1 <i>A) Yfirlit og tengsl við aðrar áætanir</i>	6
3.2 <i>B) Líkleg umhverfisáhrif</i>	6
3.3 <i>C) Valkostir</i>	7
3.4 <i>D) Mótvægisaðgerðir</i>	7
3.5 <i>E) Samantekt</i>	8
3.6 <i>F) Aðrar upplýsingar</i>	8
4. Kynning, samþykkt og gildistaka	9
4.1 <i>Athugasemdir og breytingar eftir auglýsingu</i>	9
4.2 <i>Samþykkt og gildistaka</i>	9
5. Uppdrættir	10
5.1.1 Breytingablað deiliskipulags.....	10

verður frá fullnýttri flæðigryfju með burðarlagi og bundnu yfirborði þannig að þegar því hlutverki er lokið nýtist svæðið sem athafnasvæði hafnarinnar og hafnarbakkasvæði. Ekki eru heimilar byggingar á svæðinu.

Flæðigryfjan verður starfrækt í samræmi við starfsleyfi og vöktunaráætlun viðkomandi fyrirtækja, hvað varðar starfsleyfiskyldan úrgang. Efni sem heimilt er að losa í flæðigryfju eru tilgreind í starfsleyfi en einungis almenn viðmið sett í deiliskipulagsskilmála.

Framkvæmdin, þ.e. efnislosun í flæðigryfju, er í flokki A í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og ber því að meta umhverfisáhrif hennar. Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla, sem unnin er af verkfræðistofunni Mannvit í janúar 2023, þar sem gerð er grein fyrir áhrifum efnislosunar í flæðigryfju á skipulagssvæðinu á umhverfið. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir staðháttum, tengslum við aðrar áætlanir og tilhögun framkvæmda. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (álit Skipulagsstofnunar dags. 17. ágúst 2023).

2. BREYTING Á DEILISKIPULAGI 2023

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga, vestursvæðis, m.s.br., sem samþykkt var í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 13.11.2007.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.

2.1 BREYTING Á DEILISKIPULAGSUPPDRÆTTI

Breyting á deiliskipulagi felst í því að afmarkað er sérstakt 4,2 ha efnislosunarsvæði sem nýtt verður sem flæðigryfja til viðbótar við eldri flæðigryfjur sem enn eru í notkun. Svæðið er innan stærra efnislosunarsvæðis/landfyllingar á hafnarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir hafnarbökkum og athafnasvæðum hafnar í gildandi deiliskipulagi.

2.2 BREYTING Á GREINARGERÐ

Ákvæði um landnotkun og landnýtingu á athafnasvæði hafnar og hafnarbakkasvæði eru óbreytt. Fyllingarefni í landfyllingu hefur engin áhrif á almenn skipulagsákvæði svæðisins.

2.2.1 GILDANDI SKILMÁLAR

Í kafla 2.2.2 í greinargerð með breytingu á deiliskipulagi dags. í ágúst 2020, samþ. 23.2.2021, er almenn lýsing á nýtingu flæðigryfja. Þar eru eftirtalin ákvæði:

- Ekki skal losa efni í flæðigryfju sem hægt er að nota í landfyllingar eða koma fyrir á hefðbundnum urðunarstað.
- Meðhöndlun og frágangur úrgangs í flæðigryfjum skal vera í samræmi við áhættumatsgreiningu sem vinna skal í samræmi við 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og lið 3.4 í viðauka I í sömu reglugerð.

2.2.2 BREYTTIR SKILMÁLAR

- Nýtt sérafmarkað efnislosunarsvæði verður nýtt sem flæðigryfja í a.m.k. 13 ár.
- Vegna nýrrar flæðigryfju skal vöktunaráætlun fyrir uppsöfnun helstu mengunarefna í lífríki sjávar endurskoðuð.
- Stefnt skal að því að sem allra mest af úrgangi nálæggra iðjuvera verði komið í einhvers konar endurvinnslu en þar sem óhjákvæmilega þarf næstu árin að urða efni í flæðigryfjum til að farga efni sem ekki hefur fundist farvegur fyrir í endurvinnslu er brýnt að gryfjurnar verði ekki notaðar til að urða jarðefni eða annars konar úrgang sem ekki er tilgreindur í starfsleyfum fyrirtækjanna. Því verður ekki heimilt að losa í flæðigryfju efni, sem hægt er að nota í landfyllingar eða koma fyrir á hefðbundnum urðunarstað, nema breytingar á úrgangsmeðhöndlun s.s. endurvinnsla og endurnýting geri urðun óþarfa eða umtalstvert umfangsminni.
- Starfsemi Elkem og Norðuráls er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og skulu flæðigryfjurnar reknar á grundvelli starfsleyfa hvors aðila fyrir sig. Urðun er einnig háð stafsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

2.2.3 EFNISMAGN Í FLÆDIGRYFJU

Árlega er gert ráð fyrir um 13.000 – 19.000 tonnum úrgangsefna frá nálægum iðjuverum til urðunar í flæðigryfjum. Gert er ráð fyrir að ný flæðigryfja endist í a.m.k. 13 ár að því gefnu að Faxaflóahafnir þurfi ekki að fylla svæðið hraðar vegna eftirspurnar eftir auknu hafnarplássi.

Í nýrri flæðigryfju skv. breytingu þessari er miðað við að urða megi u.þ.b. 293.500 m³

2.2.4 EFNISMAGN Í GRJÓTGARÐI

Talsvert grjót þarf í grjótgarð utan um flæðigryfjuna vegna dýpis. Á móti kemur að unnt verður að nýta grjót úr þeim hluta af núverandi garði sem kemur til með að verða innan fyrirhugaðrar flæðigryfju.

Áætluð efnispörf er: Kjarni: 120.000 m³, grjót: 21.000 m³

Grjóts í garð umhverfis fyrirhugaða flæðigryfju verður aflað í samvinnu við Faxaflóahafnir sf. úr fyrirhuguðum lóðum, sem unnar verða samkvæmt gildandi skipulagi. Landgerð á Grundartanga hefur verið unnin með þessum hætti allt frá upphafi landgerðar og með því móti eru umhverfisáhrif af grjótöflun og burðarhæfum fyllingarefnum haldið í lágmarki. Öflun grjóts og efnis í garða verður á vestursvæði á Grundartanga.

3. UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Öll skipulagsgerð fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Vinna þarf umhverfismatsskýrslu með breytingum á deiliskipulagi þar sem gerð er grein fyrir líklegum áhrifum skipulagsins á umhverfið eftir því sem við á.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar skal a.m.k. koma fram:

- yfirlit yfir efni viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum,
- lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosta,
- lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og vöktun, eftir því sem við á,
- samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli á upplýsingum í a–d-lið,
- nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu.

3.1 A) YFIRLIT OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTANIR

Engin breyting er gerð á markalínunum, landnotkun eða svæðaskiptingu deiliskipulagsins. Breytingin á við nýtingu efnislosunarsvæðis/landfyllingar sem flæðigryfju þann tíma, sem tekur að fullnýta svæðið sem slíkt áður en áfomuð landnotkun samkvæmt gildandi aðal- og deiliskipulagi tekur við.

Fyrir liggur “Umhverfismatsskýrsla. Ný flæðigryfja vestan núverandi flæðigryfja á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit” unnin af Mannvit verkfræðistofu, dags. í janúar 2023. Þar er ítarlega gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og líklegum áhrifum hennar. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Matið er ekki endurtekið hér.

- Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar. Skipulagssvæðið er skilgreint sem hafnarsvæði (H1) í aðalskipulagi með eftirfarandi skipulagsákvæðum:

Höfn sem þjónustar járnblendiverksmiðju, álverksmiðju og aðra starfsemi á Grundartanga. Einnig er gert ráð fyrir almennri flutningastarfsemi og annarri hafnsækinni þjónustu. Núverandi hafnarbakkar eru alls 849 metrar og er mögulegt að lengja þá um allt að 700 metra. Á svæðinu er heimilt að vera með athafnastarfsemi. Heimilt að afmarka flæðigryfjur, fyrir úrgang, sem heimilt er að urða í samræmi við starfsleyfi leyfilegt er að nýta flæðigryfjusvæðið sem hætt er að nota og búið er að ganga frá, sem baksvæði hafnarbakka undir gáma og annað en föst mannvirki. Staðsetning og ákvæði um flæðigryfjur skal sett fram í deiliskipulagi. Uppfylling gryfja kann að nýtast síðar til uppbyggingar hafnargarða og plana. Aðstaðan annar eftirspurn í dag og eru möguleikar til framþróunar taldir góðir.

- Breytingin kallar ekki á breytt mörk, landnotkun eða nýtingu í deiliskipulagi.
- Engin friðlýst eða vernduð svæði eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.
- Framkvæmdasvæðið er utan marka mikilvægs fuglasvæðis (IBA skrá) sem nær yfir stóran hluta af Hvalfirði (sjá mynd 3.3 í umhverfismatsskýrslu Mannvits).
- Norðan við framkvæmdasvæðið eru fornminjar á jörðinni Klafastöðum (sjá á minjavefsjá Minjastofnunar Íslands). Þessi framkvæmd/breyting hefur engin áhrif á minjastaði.
- Breytingin hefur engin áhrif á skipulag aðliggjandi sveitarfélaga.

3.2 B) LÍKLEG UMHVERFISÁHRIF

Samantekt líklegra umhverfisáhrifa er í kafla **7 Heildaráhrif** í Umhverfismatsskýrslu verkfræðistofunnar Mannvits, dags. í janúar 2023.

„Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar nýrrar flæðigryfju, vestan núverandi flæðigryfju á hafnarsvæðinu á Grundartanga, eru óveruleg til nokkuð neikvæð á alla umhverfisþætti sem talið var að gætu orðið fyrir áhrifum. Til rökstuðnings þessu mati var meðal annars höfð hliðsjón af niðurstöðum vöktunar sem hefur verið viðhöfð um árabil, en magn framleiðsluúrgangs sem losaður verður í gryfjurnar verður sambærilegt og undanfarin ár. Einnig ber að hafa í huga að stefna um landnotkun svæðisins sem hafnarsvæði hefur verið ákveðin í skipulagi. Svæðinu verður því umbylt óháð fyrirhugaðri flæðigryfju.

Í **töflu 7.1** eru niðurstöður mats á umhverfisáhrifum tekin saman.“

Tafla 7.1 sýnir samantekt á helstu umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýrrar flæðigryfju, vestan núverandi flæðigryfju á hafnarsvæðinu á Grundartanga. Taflan er hér leiðrétt miðað við álit Skipulagsstofnunar 17.8.2023 (rauð **X**), sem fellst ekki á mat í umhverfismatsskýrslu í þrem liðum (sjá álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar dags. 17. ágúst 2023).

UMHVERFISÞÆTTIR	Grunnsævi	Sjávarlíf	Fjöruvist-gerðir	Fuglar	Ásýnd	Fornleifar
UMHVERFISÁHRIF						
Verulega jákvæð						
Talsvert jákvæð						
Óveruleg	X	X -			X	X
Nokkuð neikvæð	X		X	X		
Talsvert neikvæð			X	X		
Verulega neikvæð						
Engin áhrif						

Ákvæði um vöktun vegna förgunar þess úrgangs sem heimilt verður að setja í flæðigryfjur eru í starfsleyfum verksmiðjanna.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að nýjum flæðigryfjum fylgi endurskoðun á vöktunaráætlun fyrir uppsöfnun helstu mengunarefna í lífríki sjávar.

Vöktunaráætlun er samþykkt af Umhverfisstofnun og sjá óháðir aðilar um framkvæmd. Niðurstöður eru birtar í árlegum skýrslum. Vöktunaráætlanir eru ekki hluti deiliskipulags.

3.3 C) VALKOSTIR

- Flutningur úr landi til urðunar/förgunar.
- Endurvinnsla kerbrota.

Heimild í deiliskipulagi til nýtingar fyrirhugaðrar landfyllingar sem flæðigryfju um tíma eða þangað til efnislosunarsvæðið verður fullnýtt er óháð öðrum valkostum við förgun þeirra úrgangsefna sem um ræðir. Verði aðrir kostir nýttir þarf að ná í fyllingarefni í landfyllingu á hafnarsvæði Grundartanga annars staðar s.s. við aðrar framkvæmdir á svæðinu eða úr viðurkenndum efnisnáum utan svæðis.

Stefnt er að því að sem allra mest af úrgangi nálægra iðjuvera verði komið í einhvers konar endurvinnslu og minnkar þá þörf fyrir urðun í flæðigryfjum að sama skapi.

3.4 D) MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Í umhverfismatsskýrslu (Mannvit verkfræðistofa, janúar 2023) kemur fram að ekki sé talin þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum vegna þeirra umhverfisþátta, sem metnir voru.

Mikilvægt er að sem allra mest af úrgangi verði reynt að koma í einhvers konar endurvinnslu en þar sem óhjákvæmilega þarf næstu árin að urða efni í flæðigryfjum til að farga efni, sem ekki hefur

fundist farvegur fyrir í endurvinnslu, er brýnt að gryfjurnar verði ekki notaðar til að urða jarðefni eða annars konar úrgang sem ekki er tilgreindur í starfsleyfum fyrirtækjanna.

Sett er ákvæði um að vöktunaráætlun yrir uppsöfnun helstu mengunarefna í lífríki sjávar verði endurskoðuð. Vöktunaráætlanir eru ekki hluti deiliskipulags.

3.5 E) SAMANTEKT

Um er að ræða stækkun flæðgryfju á iðnaðar- og hafnarsvæðinu á vestursvæði Grundartanga. Tiltækinn úrgangur sem skilgreindur er í starfsleyfum nálægra iðjuvera og fellur til í framleiðsluferli þeirra nýtast þannig sem hluti landfyllingar.

Útvíkkun losunarsvæða í skilgreindum flæðgryfjum stangast hvorki á við markmið í lögum um náttúruvernd né þjóðminjalög.

Áætlunin er í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu auðlinda, minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs þar sem markmiðið er m. a. að úrgangur verði eftir því sem kostur er meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og tryggt sé að spilliefni berist ekki út í umhverfið.

Útvíkkun losunarsvæða í skilgreindum flæðigryfjum á hafnarsvæðinu er í samræmi við markmið í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar þar sem kveðið er á um að bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til þess að draga úr mengun frá hafnarsvæðinu og gera skuli grein fyrir vöktunaráætlun ofangreindra umhverfisþátta í greinargerð deiliskipulags.

Áætlunin hefur engin áhrif á náttúru- og menningarminjar og ekki eru fornleifar á skipulagssvæðinu sem hér um ræðir.

Deiliskipulagsáætlunin gengur ekki gegn markmiðum laga um náttúruvernd og hefur hvorki í för með sér að líf eða land spillist né andrúmsloft mengist umtalsvert.

Vöktun á eldri flæðigryfjum hefur ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á dýralíf af völdum losunar í þær. Ekki er talin ástæða til að ætla að það breytist með nýrri flæðigryfju en stefnt að því að vöktunaráætlanir verði endurskoðaðar.

3.6 F) AÐRAR UPPLÝSINGAR

Sjá umhverfismatsskýrsla Mannvits verkfræðistofu, janúar 2023.

4. KYNNING, SAMÞYKKT OG GILDISTAKA

4.1 ATHUGASEMDIR OG BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Fyllt út eftir framvindu.

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá xx.xx.xxxx til yy.yy.yyyy. Alls bárust Z athugasemdir við tillöguna sem gáfu tilefni til eftirtalinna breytinga/lagfæringa á tillögunni (?).

UPPDÆTTIR:

- **Fyllt út eftir framvindu.**

GREINARGERÐ:

- **Fyllt út eftir framvindu.**

4.2 SAMÞYKKT OG GILDISTAKA

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann

sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar

Deiliskipulagið öðlaðist gildi við auglýsingu um samþykkt þess í

B-deild Stjórnartíðinda _____

